

## Deiliskipulag – Suðurbær Þórshafnar

Umsagnir og viðbrögð við auglýstri tillögu vegna deiliskipulags.

Auglýsingatími var frá 7.02.2025 til 24.32.2025

Tafla 1. Efnisatriði umsagna og athugasemda og viðbrögð við þeim

UMSAGNARAÐILI	EFNISATRÍÐI	VIÐBRÖGÐ
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra Austursvæði 24.03.2025	HNE gerir ekki athugasemdir	Umsögn gefur ekki tilefni til breytinga á tillögunni.
RARIR 18.02.2025	RARIK bendir á a það eru þrír háspennustrengir innan skipulagssvæðisins og hafa þarf samráð við RARIK til að finna nýja staðsetningu fyrir umrædda strengi. Strengirnir eru 11kV stofnstrengir frá aðveitustöð við Þórshöfn að spennistöðvum S051 og S052 á Þórshöfn	Umsögn gefur ekki tilefni til breytinga á tillögunni skipulagsins. Upplýsingum um háspennustrengi er komið á framfæri.
Minjastofnun Íslands 19.02.2025	Minjastofnun minnir á að við stígagerð syðst á svæðinu þarf að hafa samráð við stofnunina ef fara á í endurbætur á reiðstíg sem liggur fast upp við minjar, eða gerð útivistarstígar sem teiknaður er á skipulaginu.	Umsögn Minjastofnunar verður komið á framfæri til framkvæmdaaðila.
Vegagerðin 24.03.2025	<p>1. Æskilegt er að fjarlægðir á milli tenginga séu málsettar á uppdrætti, það á einnig við um næstu tengingar utan skipulagsreits.</p> <p>2. Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum tengingum við þjóðvegi. Vegagerðin hafnar tengingu til suðurs frá nýjum Norðausturvegi. Vegurinn er brattur á þessum stað og mjög erfitt er að koma fyrir tengingu sem uppfyllir skilyrði í veghönnunarreglum. Einnig er óljóst hvenær kemur að uppbyggingu svæðis sunnan nýs Norðausturvegar og hvernig sú uppbygging verður. Er því réttara að sleppa því að sýna tengingu á deiliskipulagi að svo stöddu.</p>	<p>1. Deiliskipulagsuppdrættir eru yfirleitt ekki málsettir nema um sé að ræða sérstaka skýringauppdrætti. Vandséð er hver myndi nýta slíkar málsetningar. Skipulagsuppdrátturinn er í skala og á honum er mælistika sem auðvelt er að nota til að skoða fjarlægðir.</p> <p>Tenging felld út</p> <p>2A. Til að koma til móts við athugasemdir Vegagerðarinnar verður tenging til suðurs frá nýjum Norðausturvegi felld út. Ef farið verður í uppbyggingu á svæðinu síðar verður tekið upp samtal við Vegagerðina um mögulegar tengingar inn á svæðið frá Norðausturvegi eða Fjarðarvegi.</p> <p>Eða</p> <p>Tenging <b>ekki</b> felld út</p> <p>2B. Að mati skipulagshönnuðar var ágætt samráð haft við Vegagerðina / veghönnuð við gerð skipulagsins m.a. varðandi fyrirhugaða vegtengingu. Þar kom vissulega fram að erfitt væri að koma fyrir þessari vegtengingu miðað við bratta vegarins og hönnunarhraða sem er 90km/klst. Þó var sú tenging var þó ekki útilokuð og höfð inni á vinnuteikningum. Umrædd tenging er inn á óbyggt svæði innan þéttbýlismarka Þórshafnar og því mikilvægt að hugsað sé fyrir mögulegri tengingu þar varðandi framtíðar nýtingu svæðisins. Umrædd tenging verður áfram sýnd á skipulagsuppdrætti en vægi hennar minnkað og</p>

	<p>3. Teiknað er útskot við Langanesveg til móts við fyrirhugað hótél. Ekki hefur verið haft samráð við Vegagerðina um það útskot og uppfyllir staðsetning þess ekki skilyrði í veghönnunarreglum um fjarlægð á milli tenginga.</p> <p>4. Samkvæmt skipulagstillögu er gert ráð fyrir bílastæði við enda brimvarnargarðs. Hafa þarf samráð við Vegagerðina um hönnun og útfærslu tengingar við Langanesveg. Einnig þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis.</p> <p>5. Á lágsvæðum við sjó þar sem hætta er á sjávarflóðum setur Vegagerðin viðmið um lágmarks land- og gólfhæðir, og er þá tekið mið af jarðskorpuhreyfingum og sjávarstöðuhækkunum sem ákvarðaðar eru hverju sinni miðað við nýjustu upplýsingar. Hafa skal sérstakt samráð við Vegagerðina vegna þessa.</p>	<p>bætt við textanum, „Hugsanleg staðsetning tengingar vegna framtíðaruppbyggingar reits með fyrirvara um samráð og leyfi Vegagerðarinnar“.</p> <p>Útskot fellt út</p> <p>3A. Í samræmi við athugasemd Vegagerðarinnar verður útskot við Fjarðarveg fellt út á staðsetning þess ákveðin síðar í samráði við Vegagerðina.</p> <p>Eða</p> <p>Útskot ekki fellt út</p> <p>3. Að mati skipulagshönnuðar var ágætt samráð haft við Vegagerðina / veghönnuð á hennar vegum m.a. varðandi tillögur að staðsetningu þéttbýlishliðs og útskots fyrir ferðmenn. Útskotið er hugsað til að gefa ferðamönnum færi á að staldra við og skoða upplýsingakort af Þórshöfn áður en keyrt er inn í þéttbýlið. Í dag er útskot fyrir ferðamenn staðsett alveg upp við gatnamót núverandi Norðausturvegar. Tillagan snýr að því að færa það útskot suður frá núverandi gatnamótum en 65m frá nýjum gatnamótum Norðausturvegar við Fjarðarveg. Til að koma til móst við athugasemdir Vegagerðarinnar verður eftirfarandi texta bætt inn á skipulagsupprátt. „Leiðbeinandi staðsetning útskots / áningastaðar fyrir ferðamenn. Endanleg staðsetning ákveðin í samráði við Vegagerðina“.</p> <p>4. Haft verður samráð við Vegagerðina varðandi hönnun og útfærslu á bílastæði við enda brimvarnargarðs.</p> <p>5. Haft verður sérstakt samráð við Vegagerðina varðandi viðmið um lágmarks land- og gólfhæðir á lágsvæðum við sjó þar sem hætta er á sjávarflóðum.</p>
<p>Steinar Pálmi Ágústson Karitas Ósk Ágnarsdóttir 13.02.2025</p>	<p>Varðar áætlaða safngötu upp í Sunnuveg frá Fjarðarvegi, á milli húsa að Fjarðarvegi 35 og 37 og á milli húsa að Sunnuvegi 14 og 16. Við teljum af og frá að leggja þarna safngötu af eftirfarandi ástæðum:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Plássið á milli lóða er of lítið svo hægt sé að leggja með veginum örugga gangstétt, þ.e. gangstéttin yrði að vera alveg við veginn og býsna mjó.</li> <li>2. Beygjan á Fjarðarvegi, við hús 29 og 31 (miðað við teikningu ykkar í vinnslutillögunni) er mikið blindari en teikningin gefur til kynna. Gatnamótin</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Tillagan gerir ráð fyrir að svæði fyrir safngötu allt að 7m að breidd og með 2m breiðar gangstéttir beggja megin við. Við gatnahönnun má gera ráð fyrir að gatan verði 6,5-7m á breidd og því er hönnunarsvæði fyrir götuna nægjanlegt.</li> <li>2. Um 60m eru frá umræddri beygju að fyrirhuguðum gatnamótum þegar keyrt er í suður eftir Fjarðarvegi. Þar sem sú umferð er á hægri akgrein þá eykur það yfirsýn ökumanns. Ekki er talin stafa sérstök hætta vegna lélegs skyggis við gatnamót safngötunnar en ef það er</li> </ol>

	<p>við nýja safngötu og Fjarðarveg yrðu því hættuleg vegna lélegs skyggis.</p> <p>3. Að okkar mati er algjör óþarfi að hafa þrjár innkeyrslur inn í Sunnuveg. Fleiri innkeyrslur munu að öllum líkindum auka óþarfa umferð um íbúðarhverfið.</p> <p>Afar ánægjulegt væri hins vegar að sjá göngu- og hjólastíg, vel útfærðan, lagðan þar sem nú er á teikningu safngata. Það væri í anda Heilsueflandi samfélags og myndi passa vel sem framhald af göngustígnum sem liggur upp að kirkjunni (þegar komnar verða gangstéttir í Sunnuveg).</p> <p>4. Þrátt fyrir hraðahindrun er oft og tíðum keyrt á miklum hraða inn í bæinn og því þætti okkur skynsamlegt að hafa hringtorg við upphaf bæjarmarka, til þess að hægja á umferðinni.</p>	<p>metið svo við nánari skoðun er lagt til að fengin verði óháð verkfræðistofa til að meta aðstæðurnar við gatnamótin.</p> <p>3. Helsta markmið götutengingarinnar er að stytta vegalengdir í akstri og dreifa álagi á gatnakerfi hverfisins. Ef þessi tengin yrði tekin út myndi álag aukast um aðrar vegtengingar, meiri umferð yrði um Sunnuveg og almennt myndu vegalengdir lengjast við að komast inn og út úr hverfinu. Gert var ráð fyrir þessari tengingu þegar Sunnuvegur var hannaður og tengingin hefur verið á skipulagi frá árinu 2003.</p> <p>4. Tekið er undir athugasemd varðandi óæskilegan umferðahraða við Fjarðarveg og mikilvægt að leita allra leiða til að ná honum niður. Þess má geta að Vegagerðin vinnur nú að tillögu um breytingar á hraðatakörkunum innanbæjar á Þórshöfn ásamt umferðaröryggisáætlun. Athugasemd varðandi staðsetningu hringtorgs við upphaf bæjarmarka er komið á framfæri.</p>
<p>Þorsteinn Ægir Egilsson 23.02.2025</p>	<p>1. Björgunarmiðstöð hefur verið tekin út án nokkrra skýringa eða raka. Af og frá er að starfsemi björgunarmiðstöðvar feli í sér einhvers konar iðnaðarstarfsemi heldur er um að ræða félagastarfsemi sem yrði mjög snyrtileg sb. núverandi björgunarsveitarhús, lögreglustöð, heilsugæslustöð og slökkvistöð. Í björgunarmiðstöð sameinast allir þessir aðilar á góðum stað í snyrtilegu umhverfi.</p> <p>Staðsetning hússins mun ekki hafa neikvæð áhrif á útivistarsvæðið við Fossá eða uppbyggingu skógræktar á því svæði. Þvert á móti gæti það skapað tækifæri með fallegum mönum og gróðri í kring. Hægt væri að takmarka ásjúnd hússins við innkomu í þorpið með mönum og gróðri. Hægt væri að gera svipaðar kröfur af hálfu sveitarfélagsins eins og Rarik fékk á sínum tíma til að vera með sinn rekstur á Langanesvegi þar sem um er að ræða iðnað innan þéttbýlis sem tekist hefur vel til með ásjúnd og umhverfi og Rarik valin snyrtilegasta iðnaðarlóðin í Langanesbyggð 2024.</p>	<p>1. Vegagerðin hefur sett skorður við veltenginu suður frá nýjum Norðausturvegi en aðrar ástæður fyrir því að björgunarmiðstöðin var tekin út voru mótmæli íbúa við staðsetningunni á vinnslutillögu skipulagsins.</p> <p>Uppbygging björgunarmiðstöðvar er ekki inn á þriggja ára áætlun sveitarfélagsins og ekki er gert ráð fyrir að Langanesbyggð hafði svigrúm fyrir slíka uppbyggingu á næstu árum. Búið er að finna bráðabirgðalausn fyrir slökkvilið, tækjakostur hefur verið endurnýjaður og aðstaða löguð samkvæmt óskum slökkviliðsstjóra.</p> <p>Á þessum rökum var tekin ákvörðun um að fella út staðsetningu björgunarmiðstöðvar innan skipulagsreitsins. Að því sögðu er tekið undir athugasemdina varðandi að það hefði mátt gera betri grein fyrir þessum breytingum frá vinnsludrögum skipulagsins í greinargerð skipulagstillögunnar.</p>

Út frá bráðabjónustu á svæðinu sem og áratuga reynslu minni í starfi sjúkraflutninga, slökkviliðs og björgunarsveitar er sú staðsetning sem Björgunarmiðstöðin fékk í skipulaginu afar góð. Staðsetningin dregur úr forgangsakstri innanbæjar Leiðir neyðarbíla stykkist í allar áttir og verður öruggari sama hvort um er að ræða útköll austur, vestur eða inn í þéttbýlið. Sem starfsmaður í bráðabjónustu í Langanesbyggð, og með hagsmuni allra minna skjólstæðinga að leiðarljósi, óska ég eftir **ítarlegum**

**rökstuðningi** nefndarinnar á því að björgunarmiðstöðin hafi verið tekin út út skipulagi og framtíðarsýn í þessum málaflokki hent út af borðinu. Einnig óska ég svara um stefnu og framtíðarsýn sveitarfélagsins í málinu.

Meðfylgjandi er tafla varðandi útköll á árinunum 2019-2024

(fjöldi útkalla í viðhengi).